

Blitzima öryggiskort

fyrir sjúklinga með aðra sjúkdóma en krabbamein

Hvers vegna fékk ég þetta kort?

Þetta lyf getur aukið hættuna á að þú fái sýkingar. Á kortinu eru upplýsingar um:

- Hvað þú þarft að vita áður en þú færð Blitzima
- Hver einkenni sýkinga eru
- Hvað á að gera ef þú heldur að þú sért hugsanlega að fá sýkingu.

Aftan á kortinu er einnig nafn þitt og nafn og símanúmer læknis þíns.

Hvað á ég að gera við þetta kort?

- Berðu þetta kort ávallt á þér –t.d. í veski eða handtösku.
- Sýndu öllum læknum, hjúkrunarfræðingum og tannlæknum sem þú leitar til þetta kort - ekki einungis þeim sérfræðingi sem ávísar Blitzima handa þér.

Berðu kortið á þér í 2 ár eftir að þú færð síðasta skammtinn af Blitzima. Það er vegna þess að aukaverkanir geta komið fram mörgum mánuðum eftir meðferðina.

Hvenær má ég ekki fá Blitzima?

Þú átt ekki að fá meðferð með Blitzima ef þú ert með virka sýkingu eða verulega bælt ónæmiskerfi.

Láttu lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita ef þú tekur eða hefur áður tekið lyf sem gætu haft áhrif á ónæmiskerfið, þ.m.t. krabbameinslyf.

Hver eru einkenni sýkingar?

Vertu á varðbergi gagnvart eftirtöldum einkennum sýkinga:

- Þrálátum hita eða hósta
- Þyngdartapi
- Verk án áverka
- Almennri vanlíðan eða sleni.

Segðu lækni eða hjúkrunarfræðingi strax frá því ef þú finnur fyrir einhverjum af þessum einkennum. Segðu þeim líka frá því að þú fái meðferð með Blitzima.

Hvað annað þarf ég að vita?

Blitzima getur örsjaldan valdið alvarlegri sýkingu í heila sem nefnist ágeng fjölhreiðra innlyksuheilabólga (progressive multifocal leukoencephalopathy, PML). Hún getur reynst banvæn.

• Meðal einkenna PML eru:

- Rugl, minnisleysi og vandamál við hugsun
- Jafnvægistap eða breytingar á því hvernig þú gengur eða talar
- Minnkaður styrkur eða máttleysi öðrum megin í líkamanum
- Þokusjón eða sjóntap.

Segðu lækni eða hjúkrunarfræðingi strax frá því ef þú finnur fyrir einhverjum af þessum einkennum. Segðu þeim líka frá því að þú fáið meðferð með Blitzima.

Hvar fæ ég frekari upplýsingar?

Frekari upplýsingar eru í fylgiseðlinum í Blitzima pakkningunni.

Upphafsdagur meðferðar og upplýsingar um lækni og sjúkling

Dagsetning síðasta innrennslis:

Dagsetning fyrsta innrennslis:

Nafn sjúklings:

Nafn læknis:

Símanúmer læknis:

Vertu viss um að hafa með þér lista yfir öll lyf sem þú tekur í hvert skipti sem þú ferð til heilbrigðisstarfsmanns. Ræddu við lækinn eða hjúkrunarfræðinginn ef þú hefur spurningar um upplýsingarnar á þessu korti.